

Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 18. mars 2024

Efni: Umsögn Nasdaq Iceland um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarkostir viðbótarlífeyrissparnaðar), mál nr. S-83/2024

Nasdaq Iceland (Kauphöllin) þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. mál nr. S-83/2024, sem snýr að fjárfestingarkostum viðbótarlífeyrissparnaðar.

Kauphöllin fagnar því að verið sé að stíga skref í þá átt að auka frelsi fólks til að ráðstafa sínum eigin viðbótarlífeyrissparnaði. Kauphöllin hafði áður komið á framfæri athugasemdum við áformaskjal stjórnvalda um sama efni, sbr. mál. nr. 162/2023, og ítrekar þau sjónarmið sem komu fram í þeim athugasemdum.

Til að draga saman það helsta úr fyrri umsögn hefur Kauphöllin lengi talað fyrir kostum þess að auka valfrelsi einstaklinga í viðbótarlífeyrissparnaði. Kauphöllin hefur ekki einungis gert það með vísan til þeirra kosta sem nefndir eru í frumvarpinu, þ.e. að renna styrkari stoðum undir lífeyriskerfið og stuðla að aukinni hagkvæmni og fjölbreyttari ávöxtunarleiðum, heldur einnig með þeim rökum að vel útfært valfrelsi gæti eflt fjármálalæsi og fjárhagslegt sjálfstraust almennings og styrkt fjármögnunarumhverfi íslenskra fyrirtækja.

Kauphöllin lagði m.a. til að einstaklingum yrði heimilað að ráðstafa viðbótarlífeyrissparnaði sínum í skráð verðbréf, auk sjóða, og lagði til ákveðna útfærslu sem fæli í sér að stofnaðir yrðu sérstakir vörslureikningar í þeim tilgangi að halda utan um slíkar fjárfestingar. Hægt væri að nýta núverandi innviði til að halda utan um slíka útfærslu, með minniháttar aðlögunum.

Í frumvarpinu er lagt upp með að einstaklingum verði einungis heimilt að ráðstafa viðbótarlífeyrissparnaði sínum í tiltekna sjóði, ekki einstaka skráð verðbréf. Kauphöllin vill því ítreka að hún teldi æskilegt að einstaklingum væri einnig gert kleift að fjárfesta í einstaka skráðum verðbréfum. Hægt væri að gera kröfu um ákveðna eignadreifingu við eigin fjárfestingar eða setja þak á það hlutfall viðbótarlífeyrissparnaðar sem mætti fjárfesta í einstaka verðbréfum, til að koma til móts við sjónarmið um áhættudreifingu.

Áhugi einstaklinga á fjárfestingum hefur aukist stórlega á undanförunum árum og hefur einstaklingum sem eiga skráð hlutabréf t.a.m. fjölgað úr ríflega átta þúsund manns árið 2019 í yfir þrjátíu þúsund í árslok 2023. Það eru talsvert margir sem hafa áhuga á og getu til að fjárfesta eigin viðbótarlífeyrissparnaði, en hefðu nokkuð takmarkaða möguleika til þess miðað við núverandi útfærslu frumvarpsins. Með því að fjárfesta í sjóðum eru einstaklingar að útvista fjárfestingarákvörðunum til fagaðila. Útvistun felur eðli málsins í sér kostnað, sem getur borgað sig fyrir aðila að leggja út fyrir hafi þeir sjálfir ekki viðeigandi þekkingu á fjárfestingum. Slíkur kostnaður getur aftur á móti safnast upp, sérstaklega yfir lengri tíma, og því getur í mörgum tilfellum borgað sig fyrir einstaklinga að ráðstafa eigin sparnaði með beinum hætti. Í öllu falli er mikilvægt að allar upplýsingar um kostnað, bæði beinan og óbeinan, liggi skýrt fyrir þegar einstaklingar velja á milli mismunandi fjárfestingarkosta.

Frumvarpið virðist miða að því að nýta núverandi kerfi en að bæta tilteknum gerðum sjóða við þær fjármögnunarleiðir sem vörsluaðilar séreignasparnaðar bjóða einstaklingum nú þegar upp á. Kauphöllin hefur ákveðnar áhyggjur af því að fólk muni mikla það fyrir sér að gera breytingar á fyrirkomulagi viðbótarlífeyrissparnaðar ef frumvarpið fer óbreytt í gegn og að það muni því ekki hafa tilætluð áhrif. Núverandi kerfi hefur það orð á sér að vera óaðgengilegt og fráhrindandi. Í því samhengi má nefna sem dæmi að það er nú þegar mögulegt að flytja uppsafnaða fjármuni í séreign milli fjármögnunaraðila og/eða vörsluaðila. Kauphöllinni skilst að það sé mjög fátítt að einstaklingar nýti sér þennan kost og virðast fæstir vera meðvitaðir um að slíkur flutningur sé yfir höfuð mögulegur.

Einnig má nefna þá staðreynd að enn eru margir sem nýta sér ekki viðbótarlífeyrissparnaðinn, þrátt fyrir ríka hvata. Þar eru „ókeypis peningar í boði“, eins og Björn Berg Gunnarsson orðaði það í nýlegum pistli í Morgunblaðinu, og gæti fráhrindandi fyrirkomulag verið ein skýring á því að fólk annað hvort átti sig ekki á þessum möguleika eða mikli hann fyrir sér. Ferlið við að velja fjárfestingarleið viðbótarlífeyrissparnaðar þarf að vera einfalt og hnökralaust og hvetur Kauphöllin því stjórnvöld og/eða vörsluaðila til að leita leiða til að tryggja að svo verði.

Eins og áður segir fagnar Kauphöllin þó öllum breytingum í þá átt að auka valfrelsi einstaklinga í lífeyrissparnaði og tekur undir þau sjónarmið um að það sé eðlilegt að stíga varfærin skref í öllum málum sem snúi að lífeyrissparnaði einstaklinga. Lífeyrissjóðir eru að auki ábyrgir fyrir því að fjárfesta bróðurparti sparnaðar landsmanna og því getur einnig skipt miklu máli fyrir uppbyggingu innlends fjármálamarkaðar og blómlegt atvinnulíf í hvaða farveg þeim sparnaði er beint. Kauphöllin tekur því undir með þeim sem hafa hvatt til þess að gerð verði frekari endurskoðun á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða svo hægt verði að greina allt umhverfið og áhrif mögulegra breytinga með heildstæðum hætti – og lýsir yfir áhuga á því að taka þátt í slíkum samtali.

Kauphöllin hefur ekki frekari athugasemdir við drögin og er fús til frekari umræðu og samstarfs um ofangreint mál.

Virðingarfyllt,



Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
yfirlögfræðingur Nasdaq á Íslandi.